

Nd.

665. Frumvarp til laga

[296. mál]

um virkjun Svartár í Skagafirði.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Svartá í Skagafirði við Reykjafoss í allt að 5500 hestafla raforkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Sauðárkróks til tengingar þar við veitukerfi Norðurlands vestra.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, er Rafmagnsveitur ríkisins taka, allt að 86 milljónum króna eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, er um getur í 1. gr.

3. gr.

Fella skal niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til Svartárvirkjunar, sbr. 1. gr.

4. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að festa kaup á vatnsréttindum á vatnasvæði Svartár og landsréttindum í þágu Svartárvirkjunar, ef viðunandi kjör fást, eða taka þau eignarnámi að öðrum kosti. Gilda um það ákvæði 54. og 55. gr. vatnalaga, nr. 15 20. júní 1923, sbr. 146.—150. gr. sömu laga, eftir því sem við á.

5. gr.

Heimilt er að endurgreiða kostnað þann, sem sveitarfélög á Norðurlandi vestra hafa greitt vegna undirbúnings virkjunar í Svartá, og telja með stofnkostnaði Svartárvirkjunar, enda öðlist Rafmagnsveitur ríkisins þá eignarrétt á öllum uppdráttum, áætlunum og gögnum um virkjun í Svartá, sem aðilar þessir hafa látið gera.

6. gr.

Óski sveitarstjórnir á Norðurlandi vestra að gerast eignaraðilar að Svartárvirkjun og öðrum orkuverum á orkuveitusvæðinu, er ráðherra heimilt að gera samninga þar um fyrir hönd Rafmagnsveitna ríkisins.

Um stofnun og rekstur raforkuvers og raforkuveitna, sem um getur í 1. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum orkulaga, nr. 58 29. apríl 1967.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Orkuþörf Norðurlands vestra hefur farið mjög vaxandi hin síðari ár. Næg vatnsaflsorka er nú ekki fyrir hendi á vestursvæðinu og því hefur orkuöflun með dísilvélum verið nauðsynleg um nokkurt skeið.

Öflun vatnsaflsorku fyrir þetta svæði hefur því verið á dagskrá nú um nokkur ár. Til þess að kanna þarfir og úrlausnir þessa og annarra byggðarlaga norðanlands og austan skipaði Ingólfur Jónsson, þáverandi ráðherra orkumála Raforkunefnd Norður- og Austurlands. Starfaði nefndin á árunum 1966—67 og skilaði þá ítarlegu álit. Framhaldsathugun gerði nefndin svo á árinu 1969 og skilaði í lok þess árs endurskoðuðu álit.

Varðandi öflun vatnsaflsorku fyrir Norðurland vestra hafa aðallega verið ríkjandi tvenn viðhorf, annars vegar virkjun í héraði, en hins vegar tenging við Laxásvæðið.

Í fyrrnefndu nefndarálit, frá 1969, segir svo um Laxásvæðið og samtengt svæði:

„Orkustofnun hefur fengið endurskoðaðar tölur um stofnkostnað Gljúfurversvirkjunar í Laxá. Þær benda ekki til að um aðra hagkvæmari valkosti sé að ræða hvort heldur er fyrir Laxásvæðið eitt sér eða samtengt svæði, Norðurland allt og Austurland. Þetta á vel að merkja við um Gljúfurver eins og virkjunin er nú hugsuð. Verði verulegar breytingar á þessari forsendu verður að taka málið til athugunar að nýju.

Ekki verður talið að ný jarðgufustöð við Námafjall komi á þessu stigi málsins til samanburðar við Gljúfurversvirkjun. Til þess er reynsla af rekstri tilraunajarðgufustöðvarinnar enn alltof skammæ, og sömuleiðis skortir enn reynslu varðandi vinnslukostnað jarðgufu við Námafjall.

Þeir orkukostir fyrir Laxásvæðið eða samtengt svæði, sem nú virðast helzt koma til greina í stað þeirrar Gljúfurversvirkjunar, sem nú er ráðgerð eru þessir:

1. Gljúfurversvirkjun, breytt tilhögun.
2. Tenging við Suðurland með háspennulínu.
3. Lagarfossvirkjun, 15—20 MW eða stærri, fyrir Norður- og Austurland.“

Síðan þetta var ritað hafa þeir valkostir um samtengingar við Laxásvæðið mjög breytzt.

Þannig er Gljúfurversvirkjun sem slík nú úr sögunni, en unnið að mun minni virkjun í Laxá, Laxá III. Í annan stað er nú ráðgerð sjálfstæð virkjun í Lagarfossi og loks er tenging við Suðurland ekki talin límabær fyrr en til staðar væri kaupandi mikillar orku norðanlands.

Á vegum sýslunefnda Húnavatns- og Skagafjarðarsýslna ásamt Sauðárkrókskaupstað hefur nú um nokkur ár verið starfandi raforkumálanefnd. Á vegum hennar hefur ráðgjafafyrirtækið Virkir h.f. hannað virkjun í Svartá við Reykjafoss í Skagafirði.

Er þar ráðgjört að virkjað verði 26 m fall og uppsett vélaafl 3.5 MW, en orkuvinnslugeta 13.0 GWst. Áætlaður kostnaður vinnsluvirkja er 72.5 mkr., en flutningsvirkja 13.0 mkr. eða samtals 85.5 mkr.

Leitað hefur verið umsagnar Orkustofnunar um virkjun þessa. Hafði Orkustofnun ekkert við tæknilega tilhögun virkjunarinnar að athuga að því er séð varð af þeim áætlunum, sem fram höfðu verið lagðar. En hins vegar taldi stofnunin, að með því að lagning línu frá Akureyri er hagkvæmari en virkjun, þegar á heildina er litið, bæri að freista þess að ná hagkvæmum samningum við Laxárvirkjun um orkusölu til Norðurlands vestra.



Var því leitað til Laxárvirkjunar í þessu efni, en stjórn hennar taldi sér eigi fært að svo stöddu að selja orku út af veitusvæði Laxárvirkjunar.

Að fengnum þeim upplýsingum taldi Orkustofnun eftir atvikum rétt að mæla með leyfi til virkjunar Svartár.

Til þess að halda undirbúningi þessa máls áfram, er með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, leitað heimildar Alþingis til greindrar virkjunar í Svartá.

Frumvarpið er í meginatriðum í samræmi við lög um virkjun Lagarfoss, er samþykkt voru fyrr á þessu þingi.

Hinar einstöku greinar frumvarpsins þarfnast ekki nánari skýringa. Þó ber að geta þess um undirbúningskostnað sveitarfélaga samkv. 5. gr., að þau munu nú telja hann nema um 2 milljónum króna.



SVARTÁRVIRKJUN